

SAMÞYKKT

um gæludýrahald í Reykjavík.

1. gr.

Gæludýrahald í Reykjavík sætir takmörkunum samkvæmt samþykkt þessari. Samkvæmt lögum um dýravernd nr. 15/1994 fer Umhverfisstofnun fer með mál er varða dýravernd.

Gæludýr er hvert það lifandi dýr sem haldið er til afþreyingar.

Um búfé gilda ákvæði samþykktar um takmörkun búfjárhalds og bann við lausagöngu búfjár í Reykjavík nr. 426/2003. Um hestahald gilda jafnframt ákvæði samþykktar um hesthús og hesthúshaverfi í Reykjavík nr. 847/1999. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. samþykktar um takmörkun búfjárhalds og bann við lausagöngu búfjár í Reykjavík nr. 426/2003, má halda kanínur sem gæludýr utan skilgreindra landbúnaðarsvæða.

Um hundahald gildir samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 52/2002 og um kattahald gildir samþykkt um kattahald í Reykjavík.

2. gr.

Stjórnsýsla.

Umhverfissviði Reykjavíkurborgar ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Öllum ákvörðunum sem umhverfissvið tekur á grundvelli samþykktar þessarar má skjóta til heilbrigðisnefndar til úrskurðar. Málskotsrétt eiga þeir sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta vegna þeirrar ákvörðunar og aðgerða sem um ræðir.

3. gr.

Ónæði, óhollusta og óþrif.

Eigendur gæludýra skulu gæta þess að dýr þeirra valdi ekki hávaða, ónæði, óhollustu, sjúkdómum hvort sem er í mönnum eða dýrum eða óþrifnaði.

4. gr.

Óheimilir staðir.

Ekki má hleypa gæludýrum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Með undanþágur frá ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 fer samkvæmt 74. gr. reglugerðarinnar.

5. gr.

Bann við gæludýrahaldi, handsömun gæludýra.

Brjótí gæludýrahald gegn ákvæðum samþykktar þessarar getur umhverfissvið Reykjavíkurborgar bannað viðkomandi gæludýrahald. Er þá umhverfissviði heimilt að handsama viðkomandi dýr og flytja í dýrageymslu.

Sé einsýnt að gæludýrahald samræmist ekki ákvæðum samþykktar þessarar skal gæludýri sem handsamað er skv. 1. mgr. ráðstafað til nýs eiganda, það selt fyrir áföllnum kostnaði eða aflífað eftir sjö sólarhringa enda er ekki hægt að hafa upp á eiganda.

6. gr.

Lögregluástoð.

Umhverfissvið getur ef þörf krefur leitað atbeina lögreglu við að framfylgja samþykkt þessari og ákvörðunum teknum á grundvelli hennar.

7. gr.

Refsiviðurlög.

Um brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

8. gr.

Lagagrundvöllur.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisiráðuneytinu, 19. apríl 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.